

LÖG**um breyting á lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins,
nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi bráðabirgðaákvæði sem orðist svo:

Stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er heimilt að inna af hendi greiðslur upp í verðbætur, sbr. 8. gr., vegna ógreidds skreiðarútflutnings og óseldrar skreiðar af framleiðslu árána 1981, 1982 og 1983 samkvæmt reglum sem sjóðsstjórnin setur að fengnu samþykki ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. desember 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG**um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan
gjaldeyris- og viðskiptamála.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Um rétt viðskiptabanka til að versla með erlendan gjaldeyri fer eftir lögum um Seðlabanka Íslands. Bankastjórn Seðlabankans er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að leyfa sparisjóðum að versla með gjaldeyri innan takmarka sem hún ákveður. Ákvæði laga þessara um gjaldeyrisviðskiptabanka taka til sparisjóða og pósthjónarinnar að því marki sem þessum aðilum er heimilt að versla með gjaldeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

A 17

Endurprentað blað.